

Fundargerð

1.fundur

Laugardaginn 24. júní kom byggðarráð Langanesbyggðar saman til fyrsta fundar að Fjarðarvegi 3. og hófst fundur kl. 11:10.

Mættir voru Siggeir Stefánsson, Þórir Jónsson og Sigurður Kristinsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Mál.

Kjör formanns, varaformanns og ritara byggðarráðs. Tillaga kom fram að Sigurður Kristinsson verði formaður, Þórir Jónsson varaformaður og sveitarstjóri riti fundargerðir. Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum.

2.Mál

Erindi frá Olíudreifingu Ehf. dags. 13.júní '06.

Umsókn um lóð við Bakkaveg undir birgðastöð fyrir eldsneyti.

Í samþykktu aðalskipulagi Þórshafnarhrepps 2003-2023 er gert ráð fyrir viðkomandi starfsemi á þessum stað og með vísan til þess samþykkir byggðarráð erindið. Sveitarstjóra falin úrvinnsla málsins.

3. Mál.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum og með þátttöku Langanesbyggðar.

Fyrir fundinum lá nefndarskipan fráfarandi sveitarstjórna Skeggjastaða- og Þórshafnarhrepps.

Samþykkt að vinna tillögu að nýrri nefndarskipan Langanesbyggðar fyrir næsta fund.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl.: 12:00.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.